

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Frá Eyjólfí Ármannssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Vísindaráðgjafarnefnd á sviði menntamála.*

Vísindaráðgjafarnefnd á sviði menntamála skal vera Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og ráðherra til ráðgjafar á sviði fræðslu- og menntamála barna og ungmenna. Ráðherra skipar formann til fimm ára í senn og skal hann vera framúrskarandi fræðimaður á sviðinu á alþjóðlega vísu með mikla reynslu af rannsóknum og fræðiskrifum. Ráðherra skal skipa aðra nefndarmenn, að tillögu formanns, sem eru fræðimenn, hver á sínu sviði. Vísindaráðgjafarnefnd skal funda þrisvar á ári og oftari ef þurfa þykir. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu getur leitað álits hjá nefndinni um ákveðin málefnasvið á breiðum grundvelli og nefndin verður henni til ráðgjafar um langtíma stefnumótun um starfsemi stofnunarinnar. Nefndin skal upplýsa árlega um rannsóknir í heiminum sem hún telur æskilegt að stofnunin kynni sér. Hún skal einnig upplýsa ráðherra um það sem hún telur að betur mætti fara í skóla-  
starfi í landinu og gera tillögur til úrbóta.